



MANNVIT

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Tilvísun:

03.01.2023

Varðandi: Svör við athugasemdum- Mölunarverksmiðja

Mannvit fyrir hönd Heidelberg Cement Pozzolan Materials sendi inn fyrirspurn um matsskyldu mölunarverksmiðju við Þorlákshöfn í Sveitarfélaginu Ölfusi þann 16. nóvember 2022. Skipulagsstofnun sendi fyrirspurnina til umsagnar til 9 umsagnaraðila og óskaði eftir að athugasemdir bærust fyrir 16. desember. Athugasemdir bárust frá eftirfarandi aðilum:

- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Landsneti
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Sveitarstjórn Ölfuss
- Sveitarstjórn Ölfuss-sérálit minnihluta
- Vegagerðinni
- Vinnueftirliti ríkisins

Umsagnarbeiðni var að auki send til Umhverfisstofnunar sem sendi ekki umsögn.

Umsagnir Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Landsnets, Minjastofnunar Íslands og Vinnueftirlits ríkisins kalla ekki á viðbrögð framkvæmdaraðila.

Hér á eftir eru fjallað um þá þætti í umsögnum sem kalla á viðbrögð framkvæmdaraðila. Umsagnaraðilar eru í stafrófsröð.



Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Kolefnisspor

Í tilkynningunni kemur fram að tilgangur verkefnisins sé að lækka kolefnisspor byggingariðnaðarins á Íslandi og Norður-Evrópu og að framleiðsla íauka úr móbergi sé ætlað að draga verulega úr kolefnisfótspori sementsframleiðslu eða allt að 20% og til athugunar sé að ná enn lengra. Í tilkynningunni kemur jafnframt fram að efnið sem framleitt verður í verksmiðjunni sé ætlað sem staðgengilsefni fyrir sementsklinker eða sementsgjall í sementsframleiðslu í verksmiðjum Heidelberg Materials. Af ofangreindu er óljóst hvort ætlaður 20% samdráttur á kolefnisfótspori sementsframleiðslu eigi við sementsframleiðslu almennt eða einungis samdrátt á kolefnisfótspori sementsframleiðslu fyrirtækisins Heidelberg Materials.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Fjallað er um samdrátt í kolefnisfótspori sementsframleiðslu vegna fyrirhugaðra framkvæmda í kafla 1.1 í tilkynningunni. Þar er átt við að samdráttur geti orðið í kolefnisfótspori samfara notkun flugösku í stað sementsgjalls um 20% í þeirri sementsframleiðslu sem nota mun þetta efni. Gera má ráð fyrir að það verði í norðanverði Evrópu.

Skipaumferð

Í tilkynningunni kemur fram að gert er ráð fyrir að í viku hverri landi 1-2 skip efni fyrir framleiðsluna og að hvert skip sé með um 20-30 þús tonn af vinnsluefni til verksmiðjunnar. Hvergi kemur fram hversu mörg skip fari um höfnina með unnið efni frá verksmiðjunni. Því vantar uppá að gerð sé fullnægjandi grein fyrir aukinni skipaumferð um höfnina í tengslum við verksmiðjuna og hvaða áhrif sú aukning getur haft á aðra hafnsækna starfsemi og hafnarmannvirki.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Í tilkynningunni er talað um 20-30 þúsund tonna skip og 1-2 landanir í viku, en þarna er átt við skip sem flytja munu efni frá verksmiðju.

Í kafla 2.4 er einnig talað um að til skoðunar sé að nýta hráefni til verksmiðjunnar sem dælt yrði úr sjó meðfram Suðurströndinni. Slík efnisvinnsla er matsskyld framkvæmd og er samfara þessari fyrirspurn unnið að sérstöku umhverfismati fyrir þá framkvæmd sem m.a. felur í sér skilgreiningu á mögulegu efnismagni, gæðum efnis, löndunarmöguleikum og mögulegum umhverfisáhrifum. Á þessu stigi er líklegt að efnistökuskipverði 7-10 þúsund tonn og gangi áform eftir um efnistöku gæti hún falið í sér um tvær til þrjár landanir á sjódældu efni á viku. Eins og fram kemur í tilkynningu þá þarf að breyta núverandi hafnaraðstöðu. Gera þyrfti nýjan hafnarbakka samhliða núverandi hafnargarði, en sá hafnarbakki myndi einungis sinna flutningi efnis að verksmiðju sem og útflutningi efnis úr verksmiðju. Að auki þyrfti að dýpka við hafnarkant í 9-10 m og sveigja núverandi ölduvörn til, svo stór skip kæmst að þessum nýja hafnarkanti. Einnig þyrfti að stytta Svartaskersbryggju. Með þessu er fyrirhuguð verksmiðja ekki að taka upp pláss á núverandi bryggjum og hafa þannig áhrif á aðra starfsemi, en stytting bryggju og aukin skipaumferð er breyting á núverandi stöðu. Breyting á hafnaraðstöðu og er að öllum líkindum tilkynningarskyld framkvæmd í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þegar nánari upplýsingar liggja fyrir mun Sveitarfélagið Ölfus eða Þorlákshafnarhöfn vinna slíka tilkynningu, komi til þess og gera nánari grein fyrir fyrirhuguðum breytingum.

Hráefni

Í tilkynningunni kemur fram að hráefni í fyrirhugaða verksmiðju sé fyrst og fremst móberg og að efnistaka úr Litla Sandfelli og önnur fyrirhuguð efnisvinnsla sé í leyfisferli skv. gildandi lögum og reglugerðum. Tilkynningin er ekki nógu skýr með það hvaða efni á að vinna í verksmiðjunni eða hvaðan það kemur en ýmist er talað um að vinna eigi móberg, móberg og vikurefni eða móberg og efni úr sjó sem verður forþurrkað um borð í skipi.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Eins og fram kemur í kafla 2.4 þá er hráefni í verksmiðjuna móberg. Bæði er um að ræða efni úr námum á landi en einnig er stefnt að því að vinna að auki efni úr sjó. Gert er ráð fyrir að allt efni sem kemur í verksmiðju verði nýtt þar.

Hljóðvist og mengun

Í tilkynningunni vantar uppá umfjöllun um hljóðvist og mengun. Í tilkynningunni er fjallað um mótvægisáðgerðir innan lóðar frá móttöku efnis til vinnslu í verksmiðjunni, í gegnum vinnsluferlið og þar til efnið er lestað um borð í skip, en skv. tilkynningunni gert er ráð fyrir að hráefni verði annars vegar flutt með vörubílum að verksmiðjunni og hins vegar að því verði dælt inn í verksmiðjuna úr skipum. Ekki er fjallað um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist og rykmengun vegna flutnings aðfanga að verksmiðjunni með vörubílum og skipum.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Eins og fram kemur m.a. í kafla 2.4 í greinargerðinni er fyrirhuguð efnistaka á landi og í sjó til að afla hráefni fyrir verksmiðjuna í leyfisferli samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Hluti af umfjöllun í þeim verkefnum er umferð og samfarandi áhrif vegna hennar á hljóðvist og rykmengun vegna flutnings aðfanga að verksmiðjunni.

Farið verður eftir öllum þeim viðmiðum sem sett eru fram í reglugerðum um mörk fyrir hávaða og ónæði í nálægri byggð. Til þess að draga úr mögulegum óþægindum er móttaka efnis frá námu á landi höfð sem fjærst íbúðarbyggð til að lágmarka ónæði. Til þess að lágmarka rykmyndun frá farmi á vörubílum verður t.a.m. ábreiða yfir farmi vörubíla frá námu að verksmiðju, en fjallað er um þennan þátt í umhverfismatsskýrslu um Litla-Sandfell. Álit Skipulagsstofnunar um þá framkvæmd var gefið út 8. desember 2022.

Komi til nýtingar á sjódældu efni verður fjallað um löndun efnis í umhverfismati þeirrar efnistöku, sem nú er í vinnslu.

Heilbrigðiseftirlit mun á endanum fá umsókn um starfsleyfi inn á sitt borð til frekari umfjöllunar og verður þar farið nánar yfir viðmið um heilbrigðismörk sem rekstraraðili verður að uppfylla.

Ferðapjónusta og útivist

Í tilkynningunni er ekki fjallað um möguleg áhrif fyrirhugaðrar verksmiðju á ferðapjónustu og útivist í Þorlákshöfn, en í næsta nágrenni verksmiðjunnar er vinsælt útivistarsvæði, m.a. golfvöllur og sandfjara sem mikið er notuð af ferðapjónustufyrirtækjum auk þess sem fyrirhugað er að reisa 180 herbergja hótél og afþreyingarmiðstöð í Hafnavík við Leirur á sömu slóðum, sjá hér Hótél og afþreyingarmiðstöð í Þorlákshöfn – Hafnarfréttir (hafnarfrettir.is)

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Fjallað er um afstöðu til golfvallar í kafla 3.3 um aðalskipulag, en einnig er fjallað um golfvöllinn með tilliti til breyttrar ásjýndar. Ekki er talin að áhrif verði önnur en sjónræn. Ekki er fjallað um sandfjöruna og nýtingu hennar til ferðapjónustu hvorki komið upp við yfirferð grunnupplýsinga

né í samtali við sveitarfélagsyfirvöld. Verksmiðjan verður ekki fjörinni og mun því ekki raska henni, en ásýnd þaðan mun breytast með uppbyggingu verksmiðju.

Framkvæmdaraðila var ekki kunnugt um uppbyggingu hótels við Leirur, en fréttin sem vísað er til er frá 8. desember 2022, eftir að fyrirspurn var skilað inn. Sú uppbygging kemur þó ekki í veg fyrir að uppbygging mölunarverksmiðju geti orðið. Mölunarverksmiðja yrði á skilgreindu iðnaðarsvæði en hótél yrði staðsett á öðru svæði með annars konar skilgreiningu í aðalskipulagi. Mismunandi kröfur eru um hljóðvist eftir því hver skilgreind landnotkun er. Í báðum tilvikum þarf að vinna eftir skipulagsferlum og starfsleyfisferlum í sátt við nærliggjandi samfélag.

Samfélag og atvinnulíf

Umfjöllun um áhrif á samfélag og atvinnulíf er takmörkuð að því leyti hún hverfist að mestu um þróun mannfjölda og uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, en lítill gaumur er gefinn að því t.d. hvaða áhrif framkvæmdin getur haft á uppbyggingu atvinnulífs og fjölbreytni starfa í Þorlákshöfn og nærsveitum til framtíðar lítið.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Umfjöllun um mannfjöldaþróun og atvinnu er í kafla 4.2.1, en einnig er fjallað um húsnæðismál og grunnkerfi í kafla 4.3 og þar á meðal atvinnusóknarsvæði. Samkvæmt athugun Byggðastofnunar er Þorlákshöfn innan atvinnusóknarsvæðis höfuðborgarsvæðisins, en einnig er tiltölulega stutt í fleiri þéttbýlisstaði á Suðurlandi. Því er líklegt að allir þeir sem starfa munu í verksmiðjunni muni ekki endilega búa í Þorlákshöfn eða næsta nágrenni. Framkvæmdin kemur til með að styrkja núverandi atvinnugrunn á svæðinu og bjóða upp á nýja tegund starfa sem ekki eru til staðar á svæðinu í dag.

Eins og fram kemur einnig í greinargerð má gera ráð fyrir margföldunaráhrifum í uppbyggingu atvinnulífs samfara fyrirhugaðri verksmiðju s.s. í viðhalds- og verkstæðisþjónustu sem og annarri þjónustu. Slík starfsemi gæti byggst upp í Þorlákshöfn en einnig í nærliggjandi þéttbýli eða á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er hægt að sjá slíkt fyrir, en staðsetning verksmiðju í Þorlákshöfn gefur engu að síður tilefni til að álykta um að atvinnulíf styrkist að einhverjum hluta staðbundið og eykur á fjölbreytni starfa til framtíðar lítið.

Almennt um athugasemdir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Í tilefni af athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er að lokum rétt að minna á að umsagnir stjórnvalda til Skipulagsstofnunar eru hluti af stjórnslu þeirra og þar með meðferð opinbers valds. Stjórnvöld hafa ákveðnum skyldum að gegna lögum samkvæmt sem felst m.a. í að allar athafnir þeirra og samskipti verða að byggja á lögum og málefnalegum sjónarmiðum. Af því leiðir að stjórnvöld þurfa að gæta að því að umsagnir í ferli sem þessu séu í samræmi við lög og reglur sem um störf þeirra gilda og innan sérfræðipækkingar þeirra. Hluti af því er að umsagnir þeirra afmarkist við og séu í samræmi við þau verkefni sem þeim er falið lögum samkvæmt og að gætt sé að hlutlægni í slíkri umfjöllun. Á það ekki síst við í tilviki heilbrigðiseftirlitsins í ljósi þess hlutverks sem það kann síðar að gegna vegna leyfisveitinga og eftirlitshlutverks gagnvart þeim aðilum sem eiga í hlut.

Ástæða þess að þetta er nefnt hér er að ekki verður séð að athugasemdir heilbrigðiseftirlitsins séu að öllu leyti í tengslum við lögbundið hlutverk þess eða tengist málefnum sem heyra undir málefnasvið þess. Framkvæmdaraðili leggur áherslu á að umfjöllun stjórnvalda og þær kröfur sem gerðar eru til framkvæmdaraðila í ferlinu taki mið af þeim sjónarmiðum sem hér hafa verið rakin og séu í málefnalegum tengslum við hlutverk þeirra og starfssvið.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands

Umferð

Fram kemur að fyrirhugað hráefni á að koma úr námum í Litla-Sandfelli og Lambafelli og að einnig sé til skoðunar að efni frá námum í sjó komi til hafnar í Þorlákshöfn. Frekar lítið er gert úr þeirri miklu umferð sem verður vegna hráfnisflutninga til verksmiðjunnar. Gert er ráð fyrir að efnisflutningar fari um vegakerfið en að einnig sé verið að skoða útfærslur á því að aðgreina flutningsleiðir frá námustað að verksmiðju.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Fjallað er um samgöngur í kafla 4.8 og þar á meðal flutninga úr námum. Náma í Litla-Sandfelli, sem er megin uppspretta hráfnis fyrir verksmiðju, er háð mati á umhverfisáhrifum og liggur fyrir álit frá Skipulagsstofnun um umhverfisáhrif hennar og þar á meðal flutninga.

Orkuþörf

Orkuþörf verksmiðjunnar er 42-84 MW og er óljóst með orkuöflun. Núverandi flutningslínur anna ekki því afli sem verksmiðjan þarf, en samtal er hafið við Landsnet um orku.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Rétt er að samtal er hafið við Landsnet um flutning raforku. Landsnet gerir ráð fyrir að fullmótaður valkostur um nýja tengingu til Þorlákshafnar verði lagður fram í framkvæmdaáætlun sem ráðgert er að komi út á fyrri hluta árs 2023.

Flokkunarstöð

Reist verður flokkunarstöð (8 600 m²) þar sem fram fer flokkun og aðgreining efnis. Ekki kemur fram hvort að eitthvað ónýtanlegt efni flokkist frá, og ef svo verður, hvað verði þá gert við það efni.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Ekki er gert ráð fyrir að efni flokkist frá. Allt efni sem kemur í verksmiðju verður nýtt þar.

Ásýnd

Verksmiðjan verður mjög áberandi í landslaginu, stærstu byggingarnar verða 20-30 m háar og a.m.k. þrjár byggingar verða allt að 40-60 m háar en í dag eru hæstu byggingar í Þorlákshöfn 13-16 m háar. Tölvugerðar myndir í Viðauka A gera ekki nægilega grein fyrir ásýndaráhrifum verksmiðjunnar og væri æskilegt að fá fleiri sjónarhorn á verksmiðjuna, m.a. frá þeim hverfum sem næst eru fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Það ber að áréttta hér, það sem fram kemur í kafla 4.1 í tilkynningu, að hönnun mannvirkja hefur ekki farið fram. Framkvæmdaraðili mun vinna að hönnun í samvinnu við nærsamfélagið, en ákveðið svigrúm er í hæð byggingu og legu. Myndirnar sem eru í viðauka eru þannig aðeins settar fram á þessu stigi til að gefa grófa hugmynd um útlit og afstöðu mannvirkja til nærliggjandi umhverfis. Líklegt er að við frekari mótun og hönnun verði útbúnað fleiri myndir sem gefa þá betur til kynna útlit og ásýnd úr nærliggjandi byggð. Mynd 2 er í nokkuð svipaðri fjarlægð frá fyrirhugaðri lóð og ystu íbúðarhverfi í dag og til framtíðar.

Niðurstaða NÍ

Í stuttu máli er um að ræða mikla framkvæmd sem mun hafa mikil áhrif á bæjarbrag Þorlákshafnar. Stór áberandi verksmiðja verður reist við bæjarmörkin, áætlað er að hún verði í gangi allan sólarhringinn með tilheyrandi hávaða og mikill umferð vörubíla með efni til mölunar. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að rétt sé að Mólunarverksmiðjan fari í mat á umhverfisáhrifum.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Vegna athugasemda Náttúrufræðistofnunar Íslands telur framkvæmdaraðili tilefni til að áréttu þau sjónarmið sem rakin voru hér að framan, vegna svara Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, um hlutverk stjórnvalda í slíku umsagnarferli. Með vísan til þess sem þar kemur fram verður ekki séð að þeir þættir sem stofnunin gerir athugasemd við heyri undir starfssvið stofnunarinnar. Í umsögninni er ekki fjallað um náttúrufar eins og ætti að vera. Alla þá þætti sem taldir eru upp í niðurstöðu er fjallað um í tilkynningu. Er það mat framkvæmdaraðila að hægt verði að vinna með aðilum í nærsamfélagi að mótun verkefnisins í deiliskipulagi á þann hátt að úr verði starfsemi sem fellur vel að markmiðum sveitarfélagsins og hafi jákvæð samfélagsleg áhrif til lengri tíma.

Umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss

Íbúakosning

Þegar fyrir liggur með hvaða hætti starfsemin verður, svo sem flutningur á efni, útlit bygginga o.fl. verður málið kynnt enn frekar fyrir íbúum og svo fremi sem fyrirtækið taki á annað borð ákvörðun um að ráðast í verkefnið verður haldin íbúakosning um framgang þess.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Framkvæmdaraðili er meðvitaður um vilja til íbúakosningu og mun vinna með bæjaryfirvöldum í Þorlákshöfn við undirbúning gagna fyrir þannig kosningu.

Hagsmunir samfélagsins

Bæjarstjórn áskilur sér fullan rétt til að tryggja hagsmuni samfélagsins við vinnslu málsins. Verði verkefnið á einhverjum tímapunkti metið skaðlegt fyrir heildar hagsmuni samfélagsins er því sjálf hætt.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Framkvæmdaraðili mun vinna áfram að verkefninu í fullu samstarfi við bæjaryfirvöld í Þorlákshöfn.

Flutningur efnis

Ekki kemur til greina að efni, allt að 3 milljónum tonna, verði flutt frá námum eftir almenna þjóðvegakerfinu. Finna þarf aðrar leiðir svo sem blöndu af námuvegum og færiböndum.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Framkvæmdaraðili er meðvitaður um aukið álag á flutningsleiðir. Unnið er að lausnum í samstarfi við viðeigandi aðila, en ekki er á þessu stigi ljóst hvernig útfærslan verður. Álit Skipulagsstofnunar um efnistöku í Litla-Sandfelli, sem er einmitt hráefnisnáma mólunarverksmiðju, liggur fyrir. Í álitinu kemur m.a. fram eftirfarandi: “telur Skipulagsstofnun með hliðsjón af umsögn Vegagerðarinnar þá sé ekki unnt að hefja stórfellda efnisflutninga úr Litla Sandfelli um núverandi veg til Þorlákshafnar. Sá vegur uppfyllir engan veginn þær kröfur sem gera þarf til þjóðveggar sem er ætlað að anna jafn umfangsmiklum flutningum og Eden Mining ráðgerir.”

Ásýnd

Ekki kemur til greina að afsláttur verði gefin af útliti og eðli mannvirkja sem rísa á hafnarsvæðinu. Hæð þeirra, útlit og annað fyrirkomulag skal í öllum tilvikum taka mið af nálægð við íbúabyggðina. Til að tryggja slíkt hefur umhverfis- og skipulagsnefnd skipað faghóp með arkitekt, verkfræðing og fl. sem tryggja skulu að ef mannvirkin rísi þá verði það til að efla samfélagið en ekki skaða það.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Framkvæmdaraðili fagnar því að skipaður hafi verið faghópur sem hefur að markmiði að rýna næstu skref í hönnunarvinnu þannig að ásættanlegt verði fyrir samfélagið. Slíkt fyrirkomulag er einmitt í þeim anda sem boðaður er í fyrirspurnarskýrslu.

Hljóð- og rykmengun

Ekki kemur til greina að afsláttur verði gefin af almennum kröfum um hljóðmengun, rykmengun og annað það sem valdið getur samfélaginu ama. Komi til þess að skipulagi verði breytt við vinnslu málsins verða slíkar kröfur að minnsta kosti þær sömu og eru í skipulagi hafnarsvæðisins.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Framkvæmdaraðili gerir sér grein fyrir að mikilvægt er að hljóð- og rykmengun verði í algjöru lágmarki, enda er verksmiðjan staðsett í nálægð við viðkvæma viðtaka. Mölun á móbergi hefur í för með sér hávaða. Til þess að bregðast við því verða mannvirki þar sem mölun á sér stað hönnuð með þykkum veggjum og einangrun og þannig úr garði gerð að hávaði við húsvegg mun ekki fara yfir þau mörk sem sett eru fram í reglugerð um hávaða, eins og fjallað er um í kafla 4.4 í fyrirspurnarskýrslu. Starfsemin er háð starfsleyfi heilbrigðiseftirlits og verður þar fjallað nánar um kröfur sem gerðar eru til starfsemi sem þessarar.

Í verksmiðju er unnið með malarefni og það malað í mjög fínt duft. Af þeim sökum er mikilvægt að öll starfsemi fari fram innandyra þannig að ryk sleppi ekki út í umhverfið. Hönnun verksmiðju mun gera ráð fyrir þessu.

Efnisval og útlit mannvirkja

Gerð er krafa um samnýtingu og vandað efnisval en ekki einungs „liti og fyrirkomulag innan lóðar“ þegar kemur að samráði við bæjaryfirvöld. Þessa framkvæmd þarf að hugsa út frá öðrum forsendum en gert hefur verið annarstaðar í heiminum, sökum smæðar samfélagsins og bæjarins sem hér um ræðir. Sá möguleiki verði skoðaður að lækka mannvirki jafnvel þó það kalli á aukin grunnflöt. Krafa er gerð um að mannvirki verði í lægri mörkum þess sem kemur fram í fyrirspurn um matskyldu.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Allt eru þetta þættir sem vinna þarf með í samráði við bæjaryfirvöld eins og fram kemur í umsögninni. Framkvæmdaraðili tekur undir að taka þurfi sérstakt tillit til smæðar samfélagsins við frekari þróun verkefnisins við gerð deiliskipulags og hönnun mannvirkja

Almennt um athugasemdir Sveitarfélagsins Ölfuss

Framkvæmdaraðili hefur unnið að undirbúningi verksmiðjunnar í samstarfi við Sveitarfélagið Ölfus sem og hafnaryfirvöld Þorlákshafnar. Samræður munu halda áfram. Ljóst er að um umfangsmikið verkefni er að ræða í litlu samfélagi. Því er mikilvægt að uppbygging verði í sátt við nærsamfélagið. Unnið verður að frekari hönnun mannvirkja í samráði við sveitarfélagið eins og boðað er í umsögninni. Það á einnig við um aðra þætti sem viðkoma mögulegum áhrifum á samfélagið hvort sem er möguleg jákvæð eða neikvæð áhrif og reynt að lágmarka þau eins og kostur er.

Umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss – Minnihluti

Matsskylda

Við viljum áréttta það að fulltrúar B og H lista telja fulla þörf á því að fyrirhugaðar framkvæmdir við verksmiðju Heidelberg fari í umhverfismat, sem hlýtur að teljast sjálfsögð krafa frá bæjarstjórn sem er búin að samþykkja það að: „áskilja sér fullan rétt til að tryggja hagsmuni samfélagsins við vinnslu málsins“ og að: „ekki komi til greina að gefinn verði afsláttur af almennum kröfum um hljóðmengun, rykmengun og annað það sem valdið getur samfélaginu ama“.

Í 19. gr.laga nr. 111/2021 um Framkvæmdir sem kunna að vera háðar umhverfismati segir:

Tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lög þessi skulu háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. Viðauka.

Sveitarfélagið Ölfus á að sjálfsögðu að gera skýra kröfu um það til Skipulagsstofnunar um að heildarframkvæmdin hér í Þorlákshöfn fari í umhverfismat og standa þannig með hagsmunum samfélagsins.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Taka skal fram að framkvæmdaraðili hefur brugðist við umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss í nokkrum liðum og lítur svo á að sú umsögn sé send í umboði yfirvalda sveitarfélagsins.

Í þessari umsögn er um að ræða skoðun fulltrúa minnihluta sem ekki fékk samþykki í sveitarstjórn. Eins og fram kemur í fyrirspurnarskýrslu og í viðbrögðum við umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss mun framkvæmdaraðili vinna málið áfram með bæjaryfirvöldum í Þorlákshöfn. Framkvæmdaraðili telur einnig að framkvæmdin hafi ekki veruleg umhverfisáhrif í för með sér og ættu því ekki að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Helstu áhrif snúa að ásýnd og umferð, sem bæði eru þættir sem hægt er að vinna áfram með yfirvöldum sveitarfélagsins í deiliskipulagsferli og svo starfsleyfi. Ekki er talið að umhverfismatsferli skili upplýsingum umfram það sem unnt er að fjalla um í skipulagsferli.

Mengun

Við teljum sem sagt fulla þörf á því að fyrirhuguð verksmiðja fari í umhverfismat. Það er ekki hægt að horfa á fyrsta áfanga verkefnisins þegar ákvörðun um mat verður tekið, heldur lokapunkturinn sem er verksmiðja á 65.000 m² í mikilli nálægð við íbúabyggð og 40-60 m. háum sílóum, allt að 8 talsins. Ekki er með sannfærandi hætti búið að sýna fram á það að mengun muni ekki koma frá verksmiðjunni. Það þarf að okkar mati að meta betur ýmis form mengunar; sjón-, hljóð-, lyktar- og umhverfismengun og greina það með fullnægjandi hætti hvort að efni sem eru skaðleg heilsu fólks muni leggja frá verksmiðjunni, svo sem svifryk og gufur úr vinnslu. Vanda þarf sérstaklega til þessarar vinnu í ljósi mikillar nálægðar við íbúahverfi.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Í fyrirspurnarskýrslu er fjallað um báða áfanga verksmiðju. Tekið verður á ásýndaráhrifum þegar frekari hönnun liggur fyrir á næstu stigum verkefnis í samráði við bæjaryfirvöld í Þorlákshöfn eins og boðað hefur verið. Verksmiðjan verður bundin skilyrðum í starfsleyfi sem heilbrigðiseftirlit gefur út og þarf verður fjallað um öll umhverfismörk sem bera að fylgja í starfseminni, en þau mörk eru svo vöktun til frambúðar.

Að öðru leyti er vísað til viðbragða við umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss.

Umsögn Vegagerðarinnar

Aðkoma að lóð og tenging við þjóðvegi

Vegagerðin telur að í innsendum gögnum þurfi að gera frekari grein fyrir aðkomu að lóð og hvernig fyrirhugað er að tengingum við þjóðvegi verði háttáð. Allar framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar samþykki Vegagerðarinnar.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Vegtengingar inn á svæðið verða í samræmi við nýsamþykkt Aðalskipulag Ölfuss 2022-2036.

Flutningar frá námu á landi

Vegagerðin tekur undir hugmyndir í greinargerð um að takmarka umferð vegna malarflutninga á vegum með almennri umferð og óskar eftir nánari útfærslu á þeim

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Þessi mál eru í nánari skoðun, en skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss fól starfsmönnum sínum að kalla eftir álitum Vegagerðarinnar á umferðarmálum tengdu verkefninu og getu vegakerfisins þar að lútandi. Sérstaklega verði þar kallað eftir yfirliti yfir nauðsynlegar breytingar svo sem á breikkun Þrengslavegar, gatnamótum við Þorlákshafnarveg og klifurrein við Skógarhlíðabrekku.

Vert er að geta að sveitarfélagið boðar í stefnumörkun sinni, mikla starfsemi á hafnarsvæði og nálægum svæðum. Þessi starfsemi kallar á aukna flutninga og umferð sem vegakerfið þarf að þola. Þeir flutningar eru síður en svo allir bundnir við fyrirhugaða mólunarverksmiðju.

Breyting á hafnaraðstöðu

Í greinargerð kemur fram að uppbygging verksmiðju kalli á uppbyggingu og breytingu á núverandi hafnaraðstöðu til að skapa viðunandi aðstöðu til löndunar og útflutning efnis. Framkvæmd á hafnarsvæði myndi fela í sér stækkun á hafnarbakka, dýpkun hafnarsvæðis og breytingu á ölduvörnum. Gert er ráð fyrir að eitt til tvö skip landi á viku á hverju ári og miðað er við að hvert skip sé með um 20-30 þúsund tonn af vinnsluefni. Uppbygging hafnaraðstöðu er á höndum Sveitarfélagsins. Vegagerðin útilokar ekki að á seinni stigum verði höfnin stækkuð þannig að mögulegt verði að taka á móti 20-30 þúsund tonna skipum en bendir á að þær breytingar sem nú er verið að vinna að koma ekki til með að leyfa lengri skip en um 130 til 140 m sem eru nær 10-15 þúsund tonnum.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Í tilkynningunni er talað um 20-30 þúsund tonna skip og 1-2 landanir í viku, en þarna er átt við skip sem flytja munu efni frá verksmiðju. Þessi skip eru um 130 m löng. Samtöl hafa átt sér stað við sveitarstjórn og hafnaryfirvöld í Þorlákshöfn varðandi breytingar sem þyrfti að gera á hafnarmannvirkjum og eru þær taldar vel raunhæfar. Gert er ráð fyrir að uppbygging hafnaraðstöðu yrðu á höndum sveitarfélagsins/hafnaryfirvalda og er talið að hafnargjöld gætu greitt framkvæmdakostnað upp á skömmum tíma.